

STJÓRNARFUNDUR BSÍ

FUNDARGERÐ

Fundarstjóri: Matthías Imsland	Fundur nr. :	4
Fundarritari: Sigurður Páll Steindórsson	Staður:	Síðumúli 37
Fundargestir: Anna Guðrún Ívarsdóttir (AGÍ) Dagbjört Hannesdóttir (DH) Guðný Guðjónsdóttir (GG) Gunnar Björn Helgason (GBH) Gunnlaugur Karlsson (GK) Hrannar Erlingsson (HE) Matthías Imsland (MI) Sigurður Páll Steindórsson (SPS)	Dagsetning:	19.7.2023
	Frá kl.:	
	Til kl.:	
	Næsti stjórnarfundur: Ákveðið síðar	

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Fundargerð síðasta fundar</u> Fundargerð síðasta fundar samþykkt
2	<u>Skýrsla fyrirliða frá NM</u> AGÍ, fyrirliði kvennaliðs Íslands, hélt kynningu á starfi liðisins síðastliðið ár. Auglýst var eftir pörum síðasta haust til að taka þátt í landsliðsstarfinu. 6 pör sóttu um og tvö ný pör voru mynduð í framhaldinu. Áhersla var lögð á spilaæfingar á RealBridge síðasta vetur en einnig var tekið þátt í æfingamótum samhliða opna flokknum og spilaður æfingaleikur þegar úrslit Íslandsmótsins í sveitakeppni fóru fram. Landsliðið fyrir NM var valið í byrjun febrúar eftir Bridgehátíð. Litið var til árangurs para en þó ákveðið að velja eitt af nýju pörunum (Anna Heiða og Inda). Ákveðið var að senda tvö pör á NM og önnur tvö pör fá svo styrk til þátttöku á erlendu móti. Landsliðið lenti í 4. sæti á NM og er það viðunandi árangur en ljóst að við eigum mikið inni skv. AGÍ. Þátttakendur Íslands voru almennt til fyrirmyndar á mótsstað, bæði í kvennaflokknum og opna flokknum. Eftir mótið greindi AGÍ árangur kvennaliðisins í slemmuspilum og niðurstaðan er að Ísland hefði getað fengið 150 impa í viðbót ef farið hefði verið í allar góðar slemmur. Slemmusagnir eru eitt af þeim atriðum sem helst má bæta að mati AGÍ en einnig þurfa liðsmenn að fylgja sagnkerfum betur og hjálpa makker meira. AGÍ mun halda áfram sem fyrirliði landsliðsins næsta vetur og verður stokkað upp í landsliðshópnum í haust. GBH verður AGÍ innan handar varðandi þjálfun og utanumhald liðsins en AGÍ kallar eftir meiri stuðningi varðandi þjálfun, t.d. með örnámskeiðum um ákveðin verkefni og slíkt. Talsverð vinna er fólgin í fyrirliðastarfinu. MI gerði grein fyrir starfi opna flokksins. Lagt var upp með að velja NM liðið strax síðasta haust og svo var mikil vinna sem fór í pörin. Því miður var ekki nægjanlega góð nýting á allri þeirri þjálfun sem var í boði. Haldnar voru æfingahelgar og spilaðir æfingaleikir. Það hefði mátt nýta netið meira til að spila æfingaleiki en gert var.

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
	Íslands endaði í fjórða sæti eftir að hafa verið í toppbaráttu fyrsta daginn. Var niðurstaðan vonbrigði.
3	<p><u>Landsliðsmál</u></p> <p>Jón Baldursson hefur sagt sig frá starfi landsliðsfyrirliða í opna flokknum vegna veikinda. Stjórnin þakkar Jóni góð störf og óskar honum velfarnaðar í veikindum sínum.</p> <p>MI hefur rætt við Magnús Eið Magnússon og Sigurbjörn Haraldsson um að taka saman við fyrirliðastarfinu. Stjórnin samþykkir þessa skipan einróma.</p> <p>Ætlunin er að velja nýjan 6 para æfingahóp fyrir landsliðið í opna flokknum í haust en landsliðið fyrir Evrópumótið verður síðan valið í kjölfar Bridgehátíðar.</p>
4 og 5	<p><u>Bridgeskólinn og kennsla í framhaldsskólum</u></p> <p>Starfsemi Bridgeskólans gekk vonum framár síðasta vetur og þegar er uppselt á nokkur næstu námskeiðanna í lok sumars.</p> <p>9 framhaldsskólar munu bjóða upp á bridgekennslu næsta vetur.</p>
6	<p><u>Fjárfestingar fram undan</u></p> <ul style="list-style-type: none"> i) Fjárfesta þarf í búnaði fyrir bridgekennslu í framhaldsskólum. MI leggur áherslu á að útvega þurfi vandaðan búnað. Ákveðið að beina því til stjórnar Alfreðs-sjóðsins að kosta kaup á þessum búnaði enda passar það vel við markmið sjóðsins. ii) Spilagjafavélar BSÍ eru orðnar lélegar. Varahluti vantar í aðalvélina og vinnur MI að útvegum þeirra. Ljóst er að kaupa þarf nýja vél fljótlega enda hefur spilagjöfum fjölgað mikið. MI heldur áfram með málið. iii) Viðhald rafvirkja á húsnæði BSÍ er þörf. MI ætlar að láta kostnaðarmeta verkefnið. Eins þarf að skipta út ljósum. MI heldur áfram með málin.
8	<p><u>Önnur mál</u></p> <p>Rætt var um fjármögnun sambandsins. Margar nýjar hugmyndir voru ræddar og verður unnið með þær áfram í vetur.</p>